

Evrópska ungmennavikan

24. apríl til 1. maí 2026

Leiðarvísir fyrir samstarfsaðila



Efnisyfirlit

Um þennan leiðarvísi	3	Á hvaða formi verða viðburðirnir?	14
Hvernig er hann notaður?	3	Staðbundnir, svæðisbundnir og landsbundnir viðburðir	15
Evrópska ungmennavikan 2026: Allt sem þú þarft að vita!	4	Hvernig er viðburði hlaðið upp?	15
Hvað er Evrópska ungmennavikan?	4	Kynningarefni og tæki	17
Markmið Evrópsku ungmennavikunnar 2026	5	Skrár sem eru tilbúnar til notkunar og sniðmát til að aðlaga	17
Þema, slagorð og meginstoðir Evrópsku ungmennavikunnar 2026	6	Sjónræn ímynd: Lógó	17
Skipuleggjendur Evrópsku ungmennavikunnar 2026	7	Sjónræn ímynd: 6 lykilmyndir	18
Hver er markhópur Evrópsku ungmennavikunnar 2026?	8	Sjónræn ímynd: Stöðluð undirskrift fyrir tölvupóst	19
Annar markhópur: viðeigandi hagsmunaaðilar	9	Sjónræn ímynd: Borðar fyrir vefsíður	20
Hvert er hlutverk hagsmunaaðila?	10	Leiðbeiningar um aðgengi	20
Lykilskilaboð: hvernig komum við EYW2026 á framfæri?	10	Færslur á samfélagsmiðlum	21
Stig kynningarherferðarinnar og helstu áfangar	11	Kynntu þér EYW2026 nánar	30
Skilaboð herferðarinnar eftir stigi	12		
Hvernig getur þú tekið þátt?	14		



Um pennan leiðarvísi

Þessi leiðarvísir inniheldur helstu upplýsingar og það efni sem þarf til að kynna og styðja við Evrópsku ungmennavikuna 2026 (European Youth Week 2026, EYW2026). Hann gefur skýrt sjónarhorn, lykilboðskap, hagnýtar leiðbeiningar og úrræði sem eru tilbúin til notkunar í nærumhverfi, á landsvísu og innan ESB.

Hvernig er hann notaður?

Leiðarvísirinn er gagnlegt skjal sem hafa má til hliðsjónar til þess að:

- Skilja skilaboð og merkingu EYW2026
- Finna lykilboðskap sem hægt er að aðlaga á mismunandi stigum
- Undirbúa og senda viðburð inn á opinbera kortið á netinu
- Kynna viðburði á samfélagsmiðlum og í eigin tengiliði
- Nýta kennimerki og grafískt útlit EYW2026
- Fá aðgang að sniðmátum, dæmisögum og stuttum textum

Hver hluti er sjálfstæður, svo þú getur farið beint í þann hluta sem hentar þér.

Evrópska ungmennavikan 2026: Allt sem þú þarft að vita!

Hvað er Evrópska ungmennavikan?

Í Evrópsku ungmennavikunni koma ungmenni og stofnanir saman til að móta framtíð Evrópu.

EYW2026 er sameiginlegur viðburður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Evrópuþingsins sem á sér stað á tveggja ára fresti til að stuðla að virkri lýðræðisþátttöku ungs fólks. Viðburðurinn beinir sjónum að hlutverki ungmenna í stefnumótun, hvetur til samráðs valdhafa við þau og beinir kastljósinu að verkefnum þeirra. Hann á sér stað á tveggja ára fresti á víxl við European Youth Event (EYE) á vegum Evrópuþingsins.

Eruð þið tilbúin fyrir næstu Evrópsku ungmennaviku árið 2026?

EYW2026 fer fram frá föstudeginum 24. apríl til föstudagsins 1. maí 2026. Einnig má merkja verkefni og viðburði sem fara fram fyrir eða eftir þessar dagsetningar sem „EYW2026“, svo lengi sem þeir eru í anda ungmennavikunnar og fylgja markmiðum hennar.

Markmið Evrópsku ungmennavikunnar 2026

Þetta eru fimm meginmarkmið EYW2026:

- Að auka sýnileika ESB meðal ungs fólks og færa ESB nær ungmennum.
- Að hvetja til markvissrar þátttöku ungs fólks, samfélagsþátttöku og stuðnings við gildi ESB.
- Að vekja athygli á árangri ungs fólks.
- Að vekja athygli á forgangsatriðum í stefnu ESB í málefnum ungmenna og forgangsmálum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.
- Að auka vitund meðal ungs fólks og hagsmunaaðila í málefnum ungmenna um þau tækifæri sem ESB býður upp á með því að vekja athygli á góðum starfsháttum, dæmum og frásögnum af góðum árangri í ungmennaáætlunum ESB (Erasmus+, þar á meðal DiscoverEU, og European Solidarity Corps) og öðrum ESB-áætlunum.

Þema, slagorð og meginstoðir Evrópsku ungmennavikunnar 2026:

Þema EYW2026 snýst um **samstöðu og sanngirni**, sem endurspeglar þau forgangsmátriði sem ungt fólk vekur oft athygli á og þær áskoranir sem móta framtíð þess. Þeim er umhugað um velferð, framfærslukostnað, húsnæðis- og atvinnumál, inngildingu, kynslóðabundið réttlæti, svæðisbundna mismunun og loftlagsvandann. Þessi málefni mynda rammann utan um samtölin og verkefnið árið 2026.

Slagorðið „**Öll með í breytingum**“ fangar anda vikunnar: sameiginlega skuldbindingu ungs fólks og ESB til að mæta til leiks þegar það skiptir máli, fyrir hvort annað og fyrir vinnuna sem heldur áfram að vikunni liðinni. Þrjú grundvallarmátriði móta skilaboð vikunnar: tökum höndum saman um málefnið sem skipta máli, fyrir unga fólkið og styrkt stoðir þess sem hefur verið gert. EYW2026 er tími fyrir sýnileika og er einnig hluti af lengra ferli þátttöku, tenginga og sameiginlegra aðgerða.

Verkefni og skilaboð ættu að endurspeglar þessar fjórar stoðir:

- **Virk þátttaka** vekur athygli á því hvernig ungmennti móta samfélagið með aðgerðum, samskiptum og skapandi verkefnum eða samfélagsverkefnum.
- **Traust og gagnsæi** leggur áherslu á gagnsæi, aðgengi og skuldbindingu ESB til að hlusta á sjónarmið ungmenna og bregðast við þeim.
- **Áframhaldandi áhrif** ýtir undir að vikan sé upphafið á stærra samtali og fleiri tækifærum.
- **Samkennd** leggur áherslu á að vikan nær til fólks í heimabyggð, er inngildandi og opin öllum, sem sýnir að öll höfum við hlutverki að gegna í réttlátri Evrópu þar sem stuðningur skiptir máli.

Notið slagorðið „**Öll með í breytingum**“ með samræmdum hætti í öllu kynningarstarfi ásamt **#EUYouthWeek**.

Í grundvallarmátriðum er EYW2026 vikan þegar ungt fólk og stofnanir koma saman á jöfnum grundvelli til að bregðast við þeim málefnum sem móta líf ungs fólks og taka höndum saman um að búa til réttlátri og stuðningsríkari Evrópu.

Skipuleggjendur Evrópsku ungmennavikunnar 2026

Evrópska ungmennavikan 2026 er skipulögð af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (á sviði menntunar, æskulýðsstarfs, íþróttar og menningar) í samstarfi við Evrópuþingið. Mörg verkefni í hverju landi eru skipulögð af landskrifstofum Erasmus+ og European Solidarity Corps ásamt Eurodesk-netinu. Evrópska ungmennavikan 2026 er opin öllum! Við bjóðum ungu fólki, hagsmunaaðilum sem vinna með ungu fólki, stjórnarsviðum, ESB-stofnunum og ungmennasamtökum, þar á meðal frá afskekktum svæðum, að taka þátt með því að skipuleggja viðburði í vikunni og merkja þá sem hluta af EYW2026.

Er eftir einhverju að biðja? Deilið ástríðu ykkar með öðrum með því að skipuleggja verkefni sem geta gert vikuna ógleymanlega. Hvort sem það er vinnustofa, viðburður, verkefni eða umræður getur framlag ykkar veitt ungu fólki um alla Evrópu innblástur, tengt það og eflt. Komum saman til að fanga árangri og orku ungmenna í Evrópu!

Hver er markhópur Evrópsku ungmennavikunnar 2026?

Aðalmarkhópurinn: ungt fólk!

Hver eru þau:

Fjölbreyttur hópur í 27 ESB-ríkjum og aðildarríkjum Erasmus+ ¹ á aldrinum 16 til 35 ára, þar á meðal námsmenn, starfsnemar, starfsfólk, frumkvöðlar og fólk í atvinnuleit, með ólíkan menningarlegan, félags-, efnahags- og landfræðilegan bakgrunn (þar á meðal úr dreifbýli og frá afskekktum svæðum).

Hvað drífur þau áfram:

Ósk um samfélagslegar breytingar, námstækifæri, sköpun, þroska og að tengjast jafnöldrum og samfélögum í Evrópu.

Hvaða áskorunum standa þau frammi fyrir:

Hindranir á borð við fjárhagsörðugleika, takmarkaða hreyfigetu, fötlun eða færri tækifæri í nærumhverfinu. Evrópska ungmennavikan leitast við að bjóða upp á inngildandi og opna viðburði til að koma til móts við þau.

Hvernig taka þau þátt:

Ungt fólk er mjög virkt á netinu; það fylgist með á samfélagsmiðlum og á stafrænum vettvangi. Ungt fólk vill taka þátt í lýðræðinu og leggja sitt af mörkum til umræðna sem móta framtíð Evrópu.

Annar markhópur: viðeigandi hagsmunaaðilar

Evrópska ungmennavikan treystir á viðtækt net hagsmunaaðila sem ýta undir þátttöku og sýnileika ungs fólks og tryggja að raddir þeirra heyrist um alla Evrópu. **Ungmennasamtök** (frjáls félagasamtök, sambönd, klúbbar, sjóðir) virkja ungt fólk og standa fyrir viðburðum sem tengja staðbundna viðburði við viðtækara starf í Evrópu.

Starfsfólk í æskulýðsstarfi (kennarar, leiðbeinendur, ráðgjafar) hjálpa til við að gera þátttökuna merkingarbæra og tryggja að ungt fólk með fjölbreyttar þarfir geti tekið þátt.

Stjórnarsvið og Evrópustofnanir (fulltrúar, sendinefndir, upplýsingamiðstöðvar) geta boðið fram sérþekkingu, aukið sýnileika og skapað umræður um stefnumál til að efla tenginguna milli Evrópu og ungra íbúa hennar.

Fulltrúar stjórnvalda á landsvísu, í sveitarstjórnnum eða bæjarstjórnnum taka málefni sem brenna á ungu fólki inn í stefnumótun.

Menntastofnanir bjóða upp á umhverfi sem hvetur nemendur til að taka þátt í viðburðum og stefnumótun í málefnum ungs fólks.

Fjölmiðlar og áhrifavaldar auka útbreiðslu með því að auka vitund og hvetja til þátttöku bæði á netinu og utan þess.

Í sameiningu auka þessir aðilar þátttöku, sýnileika og langtímaáhrif til að Evrópska ungmennavikan efli og tengi ungt fólk um alla Evrópu.

Hvert er hlutverk hagsmunaaðila?

Hagsmunaaðilar gegna mikilvægu hlutverki. Þeir eiga stóran þátt í því að auka áhrif og sýnileika viðburðanna í Evrópsku ungmennavikunni í nærumhverfi sínu, innanlands og svæðisbundið. Tengslanet, sérþekking og kunnátta hagsmunaaðila nýtast til að koma viðburðum Evrópsku ungmennavikunnar á framfæri til stærri markhóps og tryggja að raddir ungs fólks fái að heyrast. Virk þátttaka þeirra gerir þessa viku að langvarandi hreyfingu sem stuðlar að valdeflingu og þátttöku ungs fólks. Þessir hagsmunaaðilar eiga þátt í að knýja fram breytingar, tengja samfélög, stuðla að skoðanaskiptum og gera ungum Evrópubúum kleift að taka virkan þátt í að móta samfélag sitt og framtíð Evrópu.

Lykilskilaboð: hvernig komum við EYW2026 á framfæri?

Öll samskipti vegna Evrópsku ungmennavikunnar 2026 snúast um þessi skýru skilaboð: **Í Evrópsku ungmennavikunni 2026 koma ungmenni og stofnanir saman til að móta framtíð Evrópu.** Allt kynningarstarf á að byggja á þessari hugmynd til að tryggja skýrleika og samræmda ímynd milli landa.

Stig kynningarherferðarinnar og helstu áfangar

EYW2026 fer fram frá 24. apríl til 1. maí 2026 með viðburðum í öllum löndunum sem taka þátt. Samstarfsaðilar geta undirbúið og kynnt viðburði sína á þremur mikilvægum tímapunktum. Tónninn á alltaf að vera mannlegur, hjálplegur og inngildandi. Hann á að vera þannig að ungt fólk geti tengt við ungmennavikuna og vera hagnýtur þegar kemur að því að leiðbeina þeim að taka þátt.

Fyrir vikuna

Skapa vitund, bjóða til þátttöku og hjálpa ungu fólki og samtökum að skrá viðburði sína.

Meðan á vikunni stendur

Kynna viðburði, hvetja til þátttöku og vekja athygli á röddum og upplifunum ungs fólks.

Eftir vikuna

Deila niðurstöðum, halda samtalinu áfram og styðja við aðgerðir til eftirfylgni sem tryggja áframhaldandi áhrif.

Samskiptaramminn samanstendur af fjórum stoðum sem skýra heildarþemað með skýrum og auðskiljanlegum skilaboðum. Stoðunum fjórum er lýst hér á undan í þessu skjali, undir „Þema, slagorð og meginstoðir Evrópsku ungmennavikunnar 2026“, en þær eru: „**Virk þátttaka**“, „**Traust og gagnsæi**“, „**Áframhaldandi áhrif**“ og „**Samkennd**“.

Þessar stoðir eru leiðbeinandi fyrir kynningarstarf fyrir vikuna, í vikunni og eftir hana og gefa sveigjanlegan ramma sem samstarfsaðilar geta aðlagð að eigin aðstæðum um leið og lykilskilaboðin eru samræmd: EYW2026 er sameiginlegt rými þar sem ungt fólk finnur að það sjáist, að á það sé hlustað og að það hafi mátt til að móta framtíð Evrópu.

Skilaboð herferðarinnar eftir stigi

Þessi hluti inniheldur skilaboð sem samstarfsaðilar geta aðlagað að eigin aðstæðum fyrir Evrópsku ungmennavíkuna 2026, á meðan hún er í gangi og eftir hana. Dæmin endurspeglu uppfært sjónarhorn, slagorðið „Öll með í breytingum“ og stoðirnar fjórar. Nota má skilaboðin óbreytt eða aðlagð þau að aðstæðum.

Viðeigandi stoð	Tilgangur	Tillögur að skilaboðum	Ákall
Fyrir EYW: Virk þátttaka, traust, samkennd.	Vekja athygli, bjóða að taka þátt, hjálpa samtökum að skrá viðburði og kveikja neista.	<i>„Evrópska ungmennavikan 2026 er á næsta leiti. Kynntu þér hvað verður um að vera í nágrenni við þig og taktu þátt.“</i> <i>„Taktu þátt í EYW2026 á þinn hátt: mættu á viðburð eða haltu þinn eigin og bættu honum á kortið.“</i> <i>„Kynntu þér málefnið sem skipta ungt fólk í allri Evrópu máli, frá velferð og loftslagsmálum til húsnæðismála og stafrænnar þróunar.“</i> <i>„Taktu þátt í vinnustofum, umræðum, skapandi starfi eða samfélagsstarfi í nágrenni við þig.“</i> <i>„Kynntu þér hvernig þú getur proskast félagslega og faglega í Evrópsku ungmennavíkunni 2026.“</i> <i>„Hittu samtök og teymi sem geta hjálpað þér með hugmyndir þínar og metnað“</i> <i>„Skráðu viðburðinn þinn og hjálpaðu til við að móta EYW2026 á þínum stað.“</i>	<i>„Bættu þínum viðburði á kortið.“</i> <i>„Merktu daginn í dagatalið og fylgstu með.“</i> <i>„Merktu EYW2026 í dagatalið þitt.“</i> <i>„Bjóddu vinum og hópum að taka þátt í EYW2026.“</i> <i>„Láttu orðið berast! EYW2026 er á næsta leiti“</i>

Viðeigandi stoð	Tilgangur	Tillögur að skilaboðum	Ákall
Meðan á EYW stendur: Þátttaka, traust, samkennd.	Vekja athygli á viðburðum, hvetja til þátttöku og miðla röddum og upplifunum ungs fólks í rauntíma.	„Evrópska ungmennavikan 2026 er hafin! Taktu þátt í umræðum, vinnustofum og viðburðum í grennd við þig eða á netinu!“ „Fylgstu með, uppgötvaðu nýja viðburði og sjáðu hvað er um að vera á öðrum svæðum.“ „Deildu hugmyndum þínum, spyrðu spurninga og taktu þátt í samræðum um framtíð Evrópu.“ „Hittu ungt fólk, samtök og leiðbeinendur sem takast á við málefni sem skipta þig máli.“ „Fylgstu með uppfærslum í beinni til að sjá hvað er að gerast um alla Evrópu í dag.“ „Vertu með – það verður eitthvað fyrir alla út vikuna.“	„Taktu þátt í EYW2026-viðburði í dag.“ „Deildu upplifun þinni af Evrópsku ungmennavikunni með #EUYouthWeek.“ „Hittu fólk á viðburði í nágrenni við þig.“
Eftir EYW: Áframhaldandi áhrif, traust, samkennd.	Halda starfinu áfram, deila niðurstöðum og hvetja til áframhaldandi þátttöku með ESB-áætlunum og staðbundnum aðgerðum.	„Takk fyrir að taka þátt í Evrópsku ungmennavikunni 2026! Þátttaka þín hjálpar til við að móta framtíð Evrópu.“ „Kynntu þér tækifæri til að taka þátt í sjálfböðastarfi, ferðast eða leiða til jákvæðra breytinga með Erasmus+, DiscoverEU og European Solidarity Corps“ „Byggðu ofan á hugmyndirnar og tengingarnar sem sköpuðust í vikunni.“ „Lestu og deildu hápunktum viðburðanna um víða Evrópu.“ „Gerðu innblástur úr vikunni að aðgerðum til langs tíma á þínu svæði.“ „Vegferðinni lýkur ekki hér. Haltu sambandi við samtök og tengslanet á þínu svæði.“	„Finndu næsta tækifæri til að taka þátt.“ „Deildu hápunktum þínum, innsýn og lærdómi.“ Gakktu til liðs við samtök eða sjálfböðaverkefni á þínu svæði.“

| Hvar verður Evrópska ungmennavikan 2026 kynnt?

Allar upplýsingar um EYW2026 er hægt að nálgast á [vefsíðu Evrópsku ungmennagáttarinnar](#). Hægt er að hlaða viðburði upp á [viðburðakortið](#) til að hann sjáist í allri Evrópu. Einnig verður kynningarherferð á samfélagsmiðlum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir ungmenni. Hagsmunaaðilar í aðildarríkjum ESB og öðrum löndum sem eiga aðild að Erasmus+ áætluninni eru hvattir til að vekja athygli

á vikunni og viðburðum hennar á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum og hafa samband við viðeigandi aðila til að breiða út boðskap EYW2026. Finna má staðlað efni sem samræmist leiðbeiningum EYW2026 í næstu hlutum þessa leiðarvísis.

Hvernig getur þú tekið þátt?

Taktu virkan þátt í EYW2026 með því að vekja athygli á þínum viðburðum sem tengjast ungmennum. Evrópska ungmennavikan er vettvangur til að fagna og halda á lofti fjölbreyttum röddum ungmenna. Þátttaka þín hjálpar okkur að gera þetta að sýnilegri, gagnlegri og hvetjandi viku.

Á hvaða formi verða viðburðirnir?

Viðburðir verða lesnir yfir og samþykktir af landskrifstofum Erasmus+ og European Solidarity Corps og Eurodesks-netsins. Við fögnum viðburðum sem eru með skemmtilegu og nýstárlegu sniði. Viðburðir ættu að endurspeglar **samstöðu og réttlæti**, bjóða ungu fólki upp á gagnlega þátttöku, takast á við sameiginleg álitæfni og skapa tengingar. Stoðirnar fjórar sem nefndar eru undir „Þema, slagorð og meginstoðir Evrópsku ungmennavíkkunnar 2026“ eru gagnlegar við hönnun viðburða.

Hér eru nokkur dæmi um mögulega viðburði:

- Vinnustofur, umræður, spurningar og svör
- Skapandi, menningarleg eða listræn verkefni
- Samfélagslegar aðgerðir, sjálfboðastarf eða herferðir í nærsamfélagi
- Fræðsluviðburðir leiddir af ungmennum eða jafningjum
- Upplýsingaþing um tækifæri fyrir ungt fólk (Erasmus+, European Solidarity Corps, DiscoverEU)
- Samræður um stefnu í málefnum ungmenna með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
- Netviðburðir, streymi í beinni
- Samræður milli kynslóða
- Viðburðir sem stuðla að sanngirni, inngildingu, fjölbreytni eða ábyrgð í umhverfismálum
- Viðburðir utandyra

Ef þú ert með hugmynd skaltu fara á [viðburðakort](#) EYW2026 til að hlaða upp þinni tillögu.

Staðbundnir, svæðisbundnir og landsbundnir viðburðir

Evrópska
ungmennavikan

Landskrifstofur Erasmus+ og European Solidarity Corps munu ásamt Eurodesk-netinu samræma, skipuleggja og kynna viðburði um alla Evrópu hvort sem það er innanlands, innan ákveðinna svæða eða staða. Helsta markmiðið er að tryggja virka þátttöku ungs fólks og fjölbreyttra hagsmunaaðila um málefni þeirra. Verkefnin munu einblína á sanngirni og samstöðu.

Hvernig er viðburði hlaðið upp?

Þróaðu hugmynd að viðburði sem tengist slagorðinu: „Öll með í breytingum“. Viðburðir geta verið með hvaða sniði sem er. Þegar viðburðurinn er tilbúinn hleður þú honum upp á viðburðakortið á Evrópsku ungmennagáttinni.

Leiðbeiningar:

- Viðburðir geta átt sér stað hvenær sem er á fyrri hluta árs 2026, í Evrópu, að meðtöldum aðildarríkjum Erasmus+
- Opið er fyrir innsendingar út júlí 2026.
- Notaðu sjónræna ímynd Evrópsku ungmennavikunnar sem fæst hér (setjið inn tengil). Fylgdu leiðbeiningum um ímynd í hlutunum hér að neðan. Kynntu viðburðinn þinn á samfélagsmiðlum með opinberu lógói Evrópsku ungmennavikunnar, myllumerkinu og aðalvefsvæðinu: [Vefsvæði Evrópsku ungmennavikunnar](#)
- Ef þú þarft á aðstoð að halda skaltu hafa samaband við landskrifstofu Erasmus+ og European Solidarity Corps eða næstu Eurodesk-skrifstofu.



Forkröfur: Nauðsynlegt er að útbúa EU-Login aðgang.

1- Farðu á [vefsvæði Evrópsku ungmennavíkunnar](#)

2- Farðu í hlutann „Viðburðir“.

3- Smelltu á „Senda inn viðburð“.

A) Ef þú ert þegar með EU-Login aðgang skaltu slá inn lykilorð þitt.

B) Ef ekki færðu boð um að stofna aðgang.

4- Lestu og samþykktu yfirlýsinguna um persónuvernd.

5- Farðu á síðuna til að [hafa umsjón með viðburði](#).

6- Veldu „New activity“ (nýr viðburður) og fylltu út í nauðsynlega reiti (nafn viðburðar, upphafs- og lokadagur og tímasetning, tegund/snið, skipuleggjendur, heimilisfang, aldur þátttakenda, tungumál, lýsing, efnisatriði og ungmennamarkmið). Aðrir valfrjálsir reitir eru fyrir tímabelti, vefsvæði, netfang tengiliðar, tengil á viðburð, bókunarupplýsingar, aðgengi og að setja inn myndir.

7- Vistaðu viðburðinn þinn.

Þegar viðburðurinn hefur verið sendur inn birtist hann með eina stöðu af þessum þremur: Sendur inn, Samþykktur eða Hafnað.

Kynningarefni og tæki

Skrár sem eru tilbúnar til notkunar og sniðmát til að aðlaga

Sjónræn ímynd: Lógó

Kynntu þátttöku þína á EYW2026 með opinberu lógói og kynningarefni. Sæktu lógó EYW2026 [hér](#).



Sjónræn ímynd: 6 lykilmýndir

Aðlagðu kynningarefnið fyrir EYW2026 að þínum þörfum með 6 lykilmýndum. Sækja má útgáfur sem hægt er að vinna með [hér](#) til að breyta upplýsingum á borð við dagsetningar, viðburði, titil og staðsetningu. Haltu ímyndinni samræmdri með því að nota lógó EYW2026, European Solidarity Corps og Erasmus+ ásamt opinbera slagorðinu „**Öll með í breytingum**“ og undirfyrirsögn.

Fyrir viðburðinn

Meðan á viðburði stendur

Að viðburði loknum



Sjónræn ímynd: Stöðluð undirskrift fyrir tölvupóst

Vektu athygli á Evrópsku ungmennavikunni með staðlaðri undirskrift fyrir tölvupóst. Hægt er að sækja tvo borða [hér](#). Farðu einfaldlega í stillingar fyrir undirskrift í tölvupóstforritinu, búðu til nýja undirskrift, límdu inn valinn borða og breyttu upplýsingunum.



Sjónræn ímynd: Staðlað PowerPoint-sniðmát

Notaðu opinbera PowerPoint-sniðmátið sem fæst [hér](#) til að tryggja samræmt og faglegt útlit kynninga. Skiptu textanum sem fyrir er út fyrir þinn eigin en haltu upphaflegri hönnun skyggnaða óbreyttri.

Auktu sýnileika Evrópsku ungmennavíkunnar með vefsíðuborðum sem hægt er að sækja [hér](#). Veldu þá hönnun sem þér líkar og felldu hana inn á vefsíðuna þína, samfélagsmiðla eða kynningarefni. Þessir myndrænu borðar gefa kynningarefni þínu fyrir Evrópsku ungmennavíkuna 2026 líflegt og áhrifaríkt útlit.



Leiðbeiningar um aðgengi

Samskipti um Evrópsku ungmennavíkuna 2026 eiga að vera aðgengileg öllu ungu fólki, óháð bakgrunni, tungumáli eða samhengi. Aðgengilegt efni nær meiri útbreiðslu og stuðlar að inngildingu og sanngirni.

Hagnýt ráð um aðgengi

- Tungumál: Notið einfaldar og skýrar setningar og forðist orðatiltæki.
- Myndefni: Tryggið að texti yfir mynd sé læsilegur og forðist of þétta hönnun. Veljið myndefni sem endurspeglar fjölbreyttan raunveruleika um víða Evrópu.
- Baktexti („alt text“): Bætið við stuttum lýsingum á myndum sem birtar eru á netinu, þar á meðal í samfélagsmiðafærslum.
- Skýrleiki: Tryggið að lykilupplýsingar (tími, staður, skráning) séu alltaf sýnilegar og samræmdar.

Færslur á samfélagsmiðlum

Nýttu þér alla möguleika Evrópsku ungmennavikunnar 2026 með því að nota tilbúnar færslur fyrir samfélagsmiðla. Aðlagðu efnið að þínum miðlum til að dreifa boðskapnum um samstöðu og sanngirni. Hvettu fylgjendur þína til að taka þátt í umræðunum, miðla reynslu þinni og vera hluti af EYW2026. Mundu að merkja opinberar síður Evrópsku ungmennavikunnar 2026 í færslum!

¡Recuerda etiquetar las cuentas oficiales de la SEJ2026 en todas tus publicaciones!

Facebook: [@European Youth](#)

X: [@EuropeanYouthEU](#)

Instagram: [@european_youth_eu](#)

Opinber myllumerki: #EUYouthWeek

Smelltu á hnappinn „Download all assets here“ (sækja allt efni hér) til að fá færslur sem eru tilbúnar fyrir samfélagsmiðla. Þú getur sett inn eigin upplýsingar á borð við dagsetningar, viðburð, titil og staðsetningu.

- Notaðu opinber lógó EYW2026, European Solidarity Corps og Erasmus+ ásamt opinbera slagorðinu „**Öll með í breytingum**“ og undirfyrirsögn í öllu myndrænu efni.
- Notaðu myllumerkið á öllum samfélagsmiðlum.
- Hafðu myllumerkið í lok færslna til að skilaboðin verði skýr og læsileg.
- Þú skalt forðast að búa til margar mismunandi útgáfur af slagorðinu „**Öll með í breytingum**“.

Tímabil	Markmið	Færslur á samfélagsmiðlum	Stoð
Fyrir EYW	Athygli, boð, skráning	 Vissir þú að Evrópska ungmennavikan er á næsta leiti? Kynntu þér viðburði um velferð, húsnæðismál, loftslagmál og fleira. Finndu það sem höfðar til þín á kortinu. #EUYouthWeek  Taktu þátt í vinnustofum, umræðum eða skapandi starfi í nágrenni við þig og segðu frá þínum hugmyndum. https://youth.europa.eu/youthweek_is  Þú getur líka bætt þínum eigin viðburði á kortið og hjálpað til við að móta vikuna á þínum stað: https://youth.europa.eu/youthweek_is Því Evrópska ungmennavikan 2026 er ÞÍN vika! #EUYouthWeek	Þátttaka
		 Þú getur fengið aðstoð. Allt frá fyrstu hugmynda til næsta stóra skrefs eru ráðgjafar, samtök og samstarfsaðilar fyrir ungt fólk hér til að leiðbeina þér.  Spurðu um hvað sem er. Lærðu allt saman. #EUYouthWeek https://youth.europa.eu/youthweek_is  Of miklar upplýsingar og ekki nóg þekking? Evrópska ungmennavikan er leiðin að skýrum svörum um #ErasmusPlus, #EuropeanSolidarityCorps og #DiscoverEU.  Fáðu þær upplýsingar sem þú þarft og ræddu við fólkið á bak við áætlanirnar. Raunveruleg tækifæri. Raunverulegt fólk. #EUYouthWeek https://youth.europa.eu/youthweek_is  Það er meiri stuðningur í boði en þú heldur – og hann hefst með einum smelli. Við veitum þér leiðsögn til að finna tækifæri og nýjar leiðir fyrir þig til að taka þátt: https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek <td>Traust</td>	Traust

Tímabil	Markmið	Færslur á samfélagsmiðlum	Stoð
		♥ Evrópa er meira en bara staður: það er samfélag sem þú ert hluti af. Taktu þátt í viðburði í dag til að tengjast fólki sem vill láta til sín taka eins og þú. 💪🌍 Til að móta framtíðina þarftu að vita að þú tilheyrir henni. #EUYouthWeek	Samkennd
		📍 Sama hvar þú ert: í smábæ, stórborg, eða einhvers staðar þar á milli, þá er staður fyrir þig í Evrópsku ungmennavíkunni. Taktu þátt í viðburði á þínu svæði, á netinu eða á staðnum, til að vera hluti af stærra samhengi. 🕒 Mótum framtíð Evrópu saman úr samfélögum okkar. Vertu með: https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	
		👥 Leiddu fólkið þitt saman! Vini og skólafélaga. Í evrópska ungmennavíkunni tilheyrum við öll, óháð því hvaðan eða hvernig fólk mætir. ☀ Vertu hluti af samfélagi sem sér þig, metur þig að verðleikum og hlustar á þig. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	

Tímabil	Markmið	Færslur á samfélagsmiðlum	Stoð
Meðan á EYW stendur	Samskipti, þátttaka og miðlun í beinni	 Breytingar bíða ekki eftir neinu og það ættir þú ekki heldur að gera. Taktu þátt í viðburði í dag til að eiga þátt í að móta framtíð Evrópu með einni aðgerð í einu. 💪🇪🇺 Hvert skref sem þú tekur, hvert skipti sem þú lætur í þér heyra, hvert skipti sem þú mætir, allt þetta skiptir máli.  Finndu þína leið: https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek  Ertu með hugmyndir? Spurningar? Þörf til að knýja fram breytingar? Evrópska ungmennavikan er tækifæri þitt til að láta í þér heyra, mynda tengingar og taka til aðgerða með fólki sem þú átt eitthvað sameiginlegt.  Hvort sem þú mætir á staðinn eða á netinu er þetta vettvangurinn til að móta framtíðina. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek  Hvort sem þú lætur í þér heyra, stígur fram eða stendur með öðrum máttu deila því með okkur. Deildu myndum, upplifun þinni og því sem þú vilt breyta.  Vertu með. Láttu sjá þig. Vertu hluti af hreyfingunni. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	Þátttaka

Tímabil	Markmið	Færslur á samfélagsmiðlum	Stoð
		🔊 Engar hindranir. Í Evrópsku ungmennavikunni getur þú rætt beint við fólkið á bak við #ErasmusPlus og fleiri áætlanir og einnig ungmennasamtök sem þú getur treyst: fólkið sem skapar tækifærin. 💛 Raunveruleg samtöl. Raunveruleg svör. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek 🌀 Ertu að velta fyrir þér hvernig hlutirnir ganga í raun og veru fyrir sig? Þá ertu á réttum stað. Spurðu um fjármagn, dvöl erlendis, sjálfböðastarf eða námstækifæri og fáðu skýr svör sem þú getur treyst.	Traust
		💬 Því traust byrjar á gagnsæi. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek 📌 Í þessari viku er þekkingu miðlað á opinskáan hátt með þig í huga.	
		Evrópska ungmennavikan býður upp á áreiðanlegar upplýsingar sem færa þig að næsta skrefi með fullvissu, hvort sem það er á kynningarfundum eða með samtali undir fjögur augu.	
		✅ Engar ágiskanir. Aðeins leiðsögn sem þú getur treyst. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	

Tímabil	Markmið	Færslur á samfélagsmiðlum	Stoð
		 Það skiptir ekki máli hvaða tungumál þú talar, hver bakgrunnur þinn er eða hvaðan í Evrópu þú ert – þín rödd skiptir máli. Í þessari Evrópsku ungmennaviku fögnum við ótrúlegum fjölbreytileika ungs fólks sem kemur saman til að móta framtíð þar sem við tilheyrum öll.  Mismunandi frásagnir, ein sameiginleg Evrópa. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	Að tilheyra
		 Hvað þýðir það að tilheyra fyrir þig? Sýndu okkur það. Hvort sem þú tekur þátt á viðburði, leiðir umræður eða bara mætir á staðinn, hjálpar þín frásögn við að gefa mynd af samstöðu í Evrópu.  Merktu bæinn þinn, borgina þína, röddina þína. Það er komið að þér að sjást. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	
		 Ertu að leita að þínum stað í Evrópu? Hann gæti verið nær en þú heldur. Finndu viðburði í grennd við þig, á þínu tungumáli, og settu þig í samband við aðra þátttakendur sem vilja móta framtíðina í sameiningu. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	

Tímabil	Markmið	Færslur á samfélagsmiðlum	Stoð
Eftir EYW	Umhugsunarefni, áframhaldandi virkni, þátttaka til langs tíma	 Evrópsku ungmennavikunni lýkur ekki, hún þróast. Orkan, hugmyndirnar og tengingarnar sem sköpuðust í vikunni eru aðeins byrjunin. Fylgstu með, haltu áfram að miðla og vertu hluti af því sem kemur næst.  Rödd þín skiptir enn máli eftir þessa viku. Höldum vinnunni áfram. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek  Finnur þú fyrir innblæstri? Nú er tími aðgerða. Hvort sem þú byrjar á verkefni, tekur þátt í verkefni í grennd við þig eða einfaldlega styður málstað sem þú trúir á, skiptir næsta skref þitt raunverulegu máli.  Breytingar byrja á smáum aðgerðum. Aðgerðirnar viðhalda breytingunum. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek  Ekki hætta núna. Taktu það sem þú hefur lært og haltu áfram. Kynntu þér ný tækifæri: frá Erasmus+ til sjálfboðastarfs, tengslanets ungmenna og þjálfunar, og taktu virkan þátt í að móta þá Evrópu sem þú vilt sjá.  Þín vegferð heldur áfram hér: https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	Áframhaldandi áhrif

Tímabil	Markmið	Færslur á samfélagsmiðlum	Stoð
		📌 Þú hefur myndað tengsl, nú skaltu byggja ofan á þau. Samtökin, ráðgjafarnir og hóparnir sem þú hittir í Evrópsku ungmennavíkunni eru enn hér, tilbúnir til að aðstoða þig við næstu skref. 💛 Þeir eru ekki bara tengiliðir. Þeir eru traustir samstarfsaðilar á þinni vegferð. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	Traust
		🕒 Veistu ekki hvað þú átt að gera næst? Byrjaðu á einhverju sem þú getur treyst. Það er margt í boði, hvort sem það er sjálfbóðastarf, að fara til útlanda eða taka þátt í verkefni í nærumhverfi þínu Kynntu þér traustar áætlanir sem opna á ný tækifæri. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	
		💬 Markmiðin þín eiga skilið stuðning sem þú getur treyst. Fáðu upplýsingar um áætlanir sem hljóma ekki aðeins vel, heldur gefa raunveruleg tækifæri til að læra, þroskast og taka af skarið. 📄 Fylgstu með til að fá upplýsingar sem þú getur treyst: https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	

Tímabil	Markmið	Færslur á samfélagsmiðlum	Stoð
		💖 Þín upplifun er hluti af stærra samhengi. Deildu bestu augnablikunum eða hugleiðingum frá Evrópsku ungmennavikunni. Rödd þín á heima í þessari frásögn. 📷💬 Hvort sem það er bros, neisti eða nýtt sjónarhorn varstu þar – og það skiptir máli. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	Að tilheyra
		👊 Viltu halda þessari orku lifandi? Vertu áfram hluti af samfélaginu. Taktu þátt í hópastarfi, sjálfböðaverkefnum eða grasrótastarfsemi til að halda áfram að mæta, deila hugmyndum og skapa vináttu sem varir. 💗 Þetta er þitt rými – og þér er alltaf vel tekið hér. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	
		🌍 Evrópa sem hlustar, fagnar og styður hvort annað hefst á okkur. Hvort sem þú skipuleggur viðburði, hjálpar nágrönnunum eða einfaldlega lærir að láta í þér heyra eru þínar aðgerðir hluti af sameiginlegri hreyfingu fyrir samheldni. 🌱 Höldum áfram. Vöxum. Gerum þetta saman. https://youth.europa.eu/youthweek_is #EUYouthWeek	

Kynntu þér EYW2026 nánar

Evrópska
ungmennavikan

Þessi leiðarvísir er aðgengilegur hér á öllum opinberum tungumálum ESB¹ auk fimm tungumála annarra landa sem eiga aðild að Erasmus+ áætluninni (íslensku, makedónsku, norsku, serbnesku og tyrknesku).

Gagnlegir tenglar:

Vefsvæði EYW2026: [Evrópska ungmennavikan](#) | [Evrópska ungmennagáttin](#)

Viðburðakort og málefnaflokkur: https://youth.europa.eu/youthweek_is#eyw-youth-events

Facebook: [EuropeanYouthEU](#)

X: [@EuropeanYouthEU](#)

Instagram: [european_youth_eu](#)

Netfang: EAC-EUROPEAN-YOUTH-WEEK@ec.europa.eu

¹ Búlgarska, danska, eistneska, enska, finnska, franska, gríska, hollenska, írská, ítalska, króatíska, lettneska, litháíska, maltneska, portúgalska, pólska, rúmenska, slóvakíska, slóvenska, spænska, sænska, tékkneska, ungverska og þýska



Evrópska

ungmennavikan

24. apríl til 1. maí 2026

